

REGLUGERÐ**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta, skulu hækka um 8.9% frá 1. júlí 1965 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1965.

Emil Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 169.

3. september 1965.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar á Seyðisfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi bæjarráðs.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, annast bæjarráð í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Bæjarráð annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórn skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Bæjarráð getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við bæjarstjórn, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er bæjarráð setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningunum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar úr götuæð í hús